

Fundur FFM 22. janúar 2014 klukkan 18:00

Mættir voru: Berglind, Bjarnfríður, Eðvarð, Hjörleifur og Þórey. Fjarverandi Guðrún Ben, Guðrún Jóhanna, Jóhanna og Íris Dröfn.

1. Rætt var um verkefnið: „Ég og þú, þú og ég, við tvö saman“ sem fyrirhugað er að bjóða upp á fyrir yngsta stig. Boðið hefur verið upp á þetta verkefni í Akurskóla og hefur það fengið góðar undirtektir. Halldóra Hreinsdóttir formaður foreldrafélags Akurskóla hefur verið svo væn að senda okkur gögn sem þau hafa verið að nota og byggja á varðandi verkefnið.
Ákveðið var að skipta yngsta stiginu í tvennt og hafa eitt námskeið 6.mars fyrir 1. og 2. bekk og annað 13.mars fyrir 3. og 4. bekk, fyrirhugað er að halda námskeiðin frá kl. 18:30 – 20:00 í Myllubakkaskóla. Eðvarð skólastjóri gaf vilyrði fyrir því að tveir kennarar gætu aðstoðað við verkefnið ef þeir væru fánlegir til þess. Hjörleifur ætlar að athuga hvort Flugger sé tilbúið til að styrkja verkefnið með málningu. Berglind ætlar að þýða póst til foreldra og barna um verkefnið yfir á ensku og Þórey ætlar að sjá um að fá þýðingu á Pólsku.
2. Farið var yfir hvaða fyrirlestur gæti verið sniðugt að bjóða upp á fyrir miðstig. Miklar umræður sköpuðust um hvaða einstaklingar myndu höfða best til barnanna með sjálfstyrkingu í huga. Rætt var um ákjósanlega aðila og ákveðið var að Bjarnfríður myndi hafa samband við Villa naglbít, Gunnar Helgason, Góa eða Ragnhildi Steinunni og athuga hvort þeir væru með viðeigandi erindi og hvort eitt þeirra væri fánlegt til að vera með erindi fyrir viðunandi verð.
3. Rætt var um forvarnir fyrir elsta stig. Eðvarð skólastjóri var búinn að kynna sér verkefnið „Flott án fíknar“ hjá Akurskóla, sem hefur tekist mjög vel hjá þeim. Hann ætlar að setja á stofn verkefni með nemendum elsta sigs á næsta ári þar sem nemendur munu gera samninga um að halda sig frá ávana og fíkniefnum. Unnið verður að verkefninu á skólatíma með nemum, til að hvetja þá til dáða.
Ákveðið var að Bjarnfríður myndi reyna að fá heilbrigðisstarfsmann til að vera með erindi fyrir elsta stig um forvörn gegn fíkniefnum.

Fundi slitið klukkan 19:15

Fundargerð ritaði Bjarnfríður